

## AUGLÝSING

### (IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2009/2010 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### **Sveitarfélagið Skagafjörður.**

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðisins 2009/2010 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð með eftirfarandi viðauka/breytingum:

#### *Hofsós:*

- a) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

#### **Súðavíkurhreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðisins 2009/2010 fyrir Súðavíkurhrepp með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 3. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

#### **Vesturbyggð, Patreksfjörður.**

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Patreksfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Breyting á 4. gr.: Úthluta skal aflamarki hlutfallslega miðað við landaðan afla til vinnslu í Vesturbyggð frá 1. febrúar 2009 til 31. janúar 2010.
- b) Breyting á 6. gr.: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur ... o.s.frv.
- c) Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi.

#### **Vesturbyggð, Brjánslækur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Brjánslækjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Breyting á 6. gr.: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins og leggja upp hjá fiskmarkaði í sveitarfélaginu afla sem nemur ... o.s.frv.
- b) Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi.

#### **Vesturbyggð, Bíldudalur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Bíldudals með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 1. gr. b-liðar verður: eru skráð í sveitarfélaginu 1. febrúar 2010.
- b) Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.
- c) Byggðakvóta Bíldudals, 148 þorskígildistonnnum, skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal á tímabilinu 1. mars 2009 til 30. júní 2009.
- d) Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. mars 2010.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

Hinrik Greipsson.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2010